

Mál nr. 503/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/B****og****Vátryggingafélagið Y v/A****Árekstur á Smiðjuvegi þann 20.10. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.12. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.11. 2012 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var ekið aftur á bak. A bakkar úr stæði við Smiðjuveg 2 og kveðst vera kyrrstæður og að undirbúa sig til að taka af stað þegar B er bakkað á bifreið hans. B mun hafa ekið norður bifreiðaplaninu í leit að stæði. Hann hafi ekið til baka og þá varð árekstur bifreiðanna.

Ökumaður A kveðst hafa verið búinn að bakka, verið kyrrstæður og ætlað áfram. Ökumaður B kveðst hafa verið að leita að stæði á bifreiðaplaninu og “ætlaði (að) bakka útúr bifreiðaplaninu og þá lendum við saman. Hætti við að fara áfram því það var meiri traffik og ætlaði að koma mér í burtu”. Óþarft er að geta viðbótarfrásagna ökumanna.

Vátryggingafélag B vísar til þess að samkvæmt eftirlitsmyndavél á vettvangi sem starfsmenn vátryggingafélaganna fengu að sjá telur félagið ljóst að A hafi verið kyrrstæð þegar B var bakkað á A. Ökumaður B beri því ábyrgð á árekstrinum.

Vátryggingafélag A hefur sömu afstöðu og vátryggingafélag B að lokinni athugun á þeirri myndbandsupptöku sem um ræðir. Upptakan hafi ekki fengist afhent “sökum persónuverndar” en tjónafulltrúar félaganna fóru á staðinn og fengu að sjá myndbandið. Þeir hafi verið sammála um að á myndbandinu sést að A bakkar úr stæði og litur fyrir að vera stopp þegar B var bakkað á “sæmilegri ferð” og bakkaði á A.

M gagnrýnir að hann hafi ekki fengið að sjá myndbandið sem um ræðir og því skuli ekki taka mark á því sem þar kemur fram. Hann telur að skipta skuli sök.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstri þessum fyrir að bakka á A, sem var kyrrstæð og við það að aka áfram.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 8. janúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.